

Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu

3. hluti—Öryggistilfinning íbúa

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórnin

[http://www.logreglan.is/
utgafa/tolfraedi](http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi)

Útgefið í nóvember 2016



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Umsjón og ábyrgð:

Guðbjörg S. Bergsdóttir, Guðrún S. Baldursdóttir og Ólafur Örn Bragason

Framkvæmd

Lýsing á rannsókn

Framkvæmt: af Gallup fyrir embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið: Að kanna reynslu landsmanna af afbrotum, viðhorf til lögreglu, þjónustu lögreglunnar og öryggistilfinningu almennings.

Aðferð: Netkönnun.

Framkvæmdartími: 24.05.2016-09.06.2016.

Úrtak: 4.000 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri, helmingur af höfuðborgarsvæðinu og helmingur af landsbyggðinni.

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak: 4.000.

Fjöldi svarenda: 2.544.

Svarhlutfall: 63,6%.

Tafla 1. Greiningarbreytur

	Fjöldi, vigtuð gögn	Hlutfall, vigtuð gögn	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	1.270	49,9%	115.021	49,9%
Kona	1.274	50,1%	115.411	50,1%
Aldur				
18-25 ára	373	14,7%	33.797	14,7%
26-35 ára	442	17,4%	40.054	17,4%
36-45 ára	426	16,7%	38.591	16,7%
46-55 ára	437	17,2%	39.538	17,2%
56-65 ára	407	16,0%	36.883	16,0%
66 ára og eldri	459	18,0%	41.569	18,0%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	1.638	64,4%	148.388	64,4%
Vesturland og Vestfirðir	170	6,7%	15.394	6,7%
Norðurland	290	11,4%	26.267	11,4%
Austurland	78	3,1%	7.050	3,1%
Suðurland	206	8,1%	18.673	8,1%
Suðurnes	162	6,4%	14.660	6,4%
Menntun				
Grunnskólamenntun	815	34%	77.445	34%
Framhaldsskólamenntun	836	35%	79.514	35%
Háskólamenntun	773	32%	73.473	32%

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði sem best með tilliti til búsetu, aldurs, menntunar og kyns (sjá einnig í „Fyrirvarar“ á bls. 8). Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið í samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðni töflum.

Lögregluumdæmin hafa verið flokkuð eftir búsetu



<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
<i>Suðurnes</i>	Lögreglan á Suðurnesjum
<i>Vesturland/Vestfirðir</i>	Lögreglan á Vesturlandi, Lögreglan á Vestfjörðum
<i>Norðurland</i>	Lögreglan á Norðurlandi eystra, Lögreglan á Norðurlandi vestra
<i>Austurland</i>	Lögreglan á Austurlandi
<i>Suðurland*</i>	Lögreglan á Suðurlandi, Lögreglan í Vestmannaeyjum

*Höfn telst með Suðurlandi frá 01.01.15 þegar breytingar urðu á umdæmaskipan, en var í könnunum fyrir þann tíma hluti af Austurlandi.

Spurning 1.

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú ert ein/einn á ferli í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Mjög örugg(ur)	1.205
Frekar örugg(ur)	1.021
Frekar óörugg(ur)	154
Mjög óörugg(ur)	32
Fjöldi svarenda	2.412



Karlar voru líklegri en konur til að svara að þeir væru mjög öruggir einir á ferli í sínu hverfi/byggðarlagi í myrkri, eða 63% karla á móti 37% kvenna (munurinn marktækur).

Einnig var marktækur munur milli aldurshópa, en eldri aldurshópar voru líklegri til að vera mjög óöruggir en aldurshópar undir 45 ára.

Vel yfir helmingur íbúa á Austurlandi, Vesturlandi/Vestfirðum, Suðurlandi og Norðurlandi töldu sig mjög örugga einir á gangi í eigin hverfi eftir myrkur. Hins vegar var lægra hlutfall íbúa sem sagðist „mjög öruggt“ á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, eða 43-45%.



	Fjöldi svara	Mjög örugg(ur)	Frekar örugg(ur)	Frekar óörugg(ur)	Mjög óörugg(ur)
Kyn*					
Karl	1.208	62,7%	33,8%	2,6%	1,0%
Kona	1.205	37,3%	50,9%	10,2%	1,7%
Aldursflokkar*					
18-25 ára	351	55,3%	35,9%	8,3%	0,6%
26-35 ára	406	53,4%	41,1%	4,9%	0,5%
36-45 ára	417	60,0%	34,5%	5,0%	0,5%
46-55 ára	417	47,7%	44,4%	6,2%	1,7%
56-65 ára	388	43,0%	47,7%	5,9%	3,4%
66-75 ára	434	41,0%	49,3%	8,1%	1,6%
Búseta*					
Höfuðborgarsvæðið	1.544	44,9%	46,0%	7,8%	1,2%
Suðurnes	149	43,0%	47,0%	8,7%	1,3%
Vesturland og vestfirðir	161	65,2%	31,7%	0,6%	2,5%
Norðurland	285	58,9%	36,5%	3,9%	0,7%
Austurland	76	68,4%	26,3%	2,6%	2,6%
Suðurland	198	61,1%	33,3%	3,5%	2,0%
Menntun*					
Grunnskólapróf	768	46,4%	44,1%	8,9%	0,7%
Nám á framhalds-skólastigi	812	52,2%	40,6%	4,7%	2,5%
Nám á háskólastigi	755	51,3%	42,9%	5,3%	0,5%

*Marktækur munur milli hópa

Spurning 2.

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú ert ein/einn á ferli í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Mjög örugg(ur)	183
Frekar örugg(ur)	660
Frekar óörugg(ur)	661
Mjög óörugg(ur)	548
Fjöldi svarenda	2.051



Marktækur munar var á milli kyns, aldursflokka, búsetu og menntunar þegar spurt var um öryggi/óöryggi í miðbæ Reykjavíkur ein/einn á ferli eftir myrkur eða eftir miðnætti um helgar. Til dæmis taldi yfir helmingur karla sig örugga (55%) en aðeins rétt rúmur fjórðungur kvenna. Þá voru íbúar höfuðborgarsvæðisins öruggari en íbúar annarra landsvæða. 47% taldi sig örugga á höfuðborgarsvæðinu, en mest 35% á öðrum svæðum. Mest var óöruggið meðal íbúa Austurlands, en enginn þeirra taldi sig mjög öruggan, og aðeins 19% þeirra taldi sig frekar öruggan.


	Fjöldi svara	Mjög örugg(ur)	Frekar örugg(ur)	Frekar óörugg(ur)	Mjög óörugg(ur)
Kyn*					
Karl	1.039	13,0%	41,7%	29,1%	16,3%
Kona	1.012	4,7%	22,4%	35,4%	37,5%
Aldursflokkar*					
18-25 ára	316	9,5%	39,9%	30,7%	19,9%
26-35 ára	391	15,3%	39,6%	26,6%	18,4%
36-45 ára	385	8,8%	38,4%	30,9%	21,8%
46-55 ára	374	5,9%	28,3%	38,0%	27,8%
56-65 ára	307	7,5%	25,7%	33,6%	33,2%
66-75 ára	278	5,0%	16,5%	34,2%	44,2%
Búseta*					
Höfuðborgarsvæðið	1.365	10,1%	36,8%	32,4%	20,7%
Suðurnes	119	5,0%	23,5%	39,5%	31,9%
Vesturland og vestfirðir	129	9,3%	25,6%	25,6%	39,5%
Norðurland	223	6,3%	22,0%	29,1%	42,6%
Austurland	62		19,4%	43,5%	37,1%
Suðurland	152	8,6%	22,4%	30,9%	38,2%
Menntun*					
Grunnskólapróf	635	9,0%	21,4%	33,4%	36,2%
Nám á framhaldsskólastigi	679	9,4%	36,1%	28,9%	25,6%
Nám á háskólastigi	682	8,1%	39,4%	34,6%	17,9%

*Marktækur munur á milli hópa

Spurning 3.

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/byggðarlagi?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Umferðarlagabrot	586
Eignaspjöll	339
Fíkniefnabrot	291
Innbrot	223
Þjófnaður	146
Annað*	63
Ofbeldi/líkamsárásir	44
Tel ekkert brot vera vandamál	355
Fjöldi svarenda	2.048



*Undir „annað“ falla t.d. kynferðisbrot sem 24 (1,2%) nefndu og fjársvik sem 23 nefndu (1,1%).


Þegar spurningin „hvaða brot telur þú vera mesta vandamál í þínu hverfi/byggðarlagi“ er skoðuð má sjá að marktækur munur var á milli kyns, aldurshópa, búsetu og menntunar. T.d. nefna yfir 20% á höfuðborgarsvæðinu að eignaspjöll séu mesta vandamálið, en 13% á Suðurnesjum, og undir 10% svara því til í öðrum landshlutum. Hins vegar nefna fáir á höfuðborgarsvæðinu fíkniefnabrot (6%) en milli 24-37% nefna það sem „mesta vandamálið“ á Norðurlandi, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi/Vestfirðum.

	Fjöldi svara	Eignaspjöll-skemmdarverk	Umferðarlagabrot	Fíkni efna brot	Innbrot	Þjófnaður	Annað	Ofbeldi-líkamsárásir	Tel ekkert brot vera vandamál
Kyn*									
Karl	1.080	17,4%	29,5%	13,9%	9,1%	6,4%	3,9%	2,5%	17,3%
Kona	968	15,7%	27,6%	14,6%	12,9%	8,0%	2,2%	1,8%	17,4%
Aldursflokkar*									
18-25 ára	300	18,7%	29,3%	13,7%	9,3%	7,3%	4,7%	5,0%	12,0%
26-35 ára	358	19,8%	29,6%	12,8%	10,1%	8,4%	3,9%	2,0%	13,4%
36-45 ára	388	14,4%	28,1%	16,2%	13,7%	10,6%	2,6%	1,8%	12,6%
46-55 ára	347	21,0%	25,6%	17,0%	12,7%	5,2%	2,0%	1,2%	15,3%
56-65 ára	310	12,9%	29,0%	15,5%	10,3%	5,5%	3,2%	1,9%	21,6%
66 ára og eldri	344	12,5%	30,5%	9,9%	8,7%	4,9%	2,0%	1,5%	29,9%
Búseta*									
Höfuðborgarsvæðið	1.306	22,2%	24,3%	6,0%	15,1%	9,0%	2,5%	1,4%	19,5%
Suðurnes	127	13,4%	25,2%	29,9%	6,3%	10,2%	6,3%	3,9%	4,7%
Vesturland og vestfirðir	131	5,3%	37,4%	24,4%	3,1%	2,3%	1,5%	6,1%	19,8%
Norðurland	235	4,3%	34,9%	36,6%	0,9%	1,3%	6,0%	2,6%	13,6%
Austurland	66	1,5%	60,6%	10,6%			4,5%	3,0%	19,7%
Suðurland	186	7,5%	34,4%	26,9%	7,5%	5,9%	2,7%	2,2%	12,9%
Menntun*									
Grunnskólapróf	649	14,5%	28,7%	16,8%	8,3%	6,3%	2,3%	2,8%	20,3%
Nám á framhaldsskólastigi	703	17,1%	29,0%	14,9%	10,4%	6,1%	3,1%	2,1%	17,2%
Nám á háskólastigi	634	18,9%	27,6%	10,3%	14,7%	8,8%	3,5%	1,6%	14,7%

Stöplár segja til um algengi innan hvernar raðar t.d. þeir sem voru í aldurshópnum 66 ára og eldri nefndu oftast „umferðarlagabrot“ og næst oftast „tel ekkert brot vera vandamál“, en sjaldnast „ofbeldi líkamsárás“.

Spurning 4.

Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2015 að þú hafðir áhyggjur af því að verða fyrir afbroti?




Svarmöguleikar	Fjöldi
Aldrei	1259
Mjög sjaldan	730
Frekar sjaldan	337
Frekar oft	74
Mjög oft	13
Fjöldi svarenda	2413

	Fjöldi svara	Aldrei	Mjög sjaldan	Frekar sjaldan	Frekar oft	Mjög oft
Kyn						
Karl	1.202	52,7%	31,3%	12,9%	2,5%	0,6%
Kona	1.211	51,6%	29,2%	15,0%	3,6%	0,5%
Aldursflokkar*						
18-25 ára	340	34,1%	40,3%	19,7%	4,7%	1,2%
26-35 ára	401	39,7%	34,2%	20,4%	5,0%	0,7%
36-45 ára	417	45,8%	33,1%	14,9%	5,5%	0,7%
46-55 ára	423	53,4%	31,4%	12,8%	2,1%	0,2%
56-65 ára	388	62,6%	26,0%	10,3%	0,5%	0,5%
66-75 ára	444	73,0%	18,9%	7,0%	0,9%	0,2%
Búseta*						
Höfuðborgarsvæðið	1.559	49,3%	31,6%	15,3%	3,3%	0,5%
Suðurnes	148	49,3%	25,7%	17,6%	4,1%	3,4%
Vesturland og Vestfirðir	155	65,2%	23,2%	9,7%	1,9%	
Norðurland	283	55,8%	29,7%	11,3%	3,2%	
Austurland	72	61,1%	29,2%	9,7%		
Suðurland	198	57,6%	29,8%	9,6%	2,5%	0,5%
Menntun*						
Grunnskólapróf	761	56,4%	27,2%	12,4%	3,3%	0,8%
Nám á framhaldsskólastigi	818	53,7%	29,1%	13,1%	3,7%	0,5%
Nám á háskólastigi	755	45,0%	35,0%	17,2%	2,4%	0,4%

*Marktækur munur á milli hópa

Hvers konar afbroti hafðir þú mestar áhyggjur af að verða fyrir?



(þeir sem svöruðu „aldrei áhyggjur“ eða „vil ekki svara“ fengu ekki spurninguna)

Um könnunina

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að viðhorfskönnun meðal íbúanna. Árið 2004 var í fyrsta skipti gerð alþjóðleg þolendakönnun (Brotabolar, lögreglan og öryggi borgaranna). Árið 2008 var gerð þolendakönnun samkvæmt löggæsluáætlun 2007-2011 sem náði yfir allt landið. Í kjölfarið hefur embættið lagt fyrir þolendakannanir fyrir allt landið árin 2009, 2011, 2013, 2014, 2015 og nú 2016.

Könnunin var lögð fyrir í maí og júní 2016 en könnunin miðast að mestu leyti við atburði og upplifun almennings árið áður. Með þolendakönnunum er verið að greina reynslu borgaranna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra í eigin hverfi og í miðborg Reykjavíkur. Einnig er verið að meta störf lögreglunnar og árangur hennar á landsvísu. Í ár er niðurstöðum rannsóknarinnar skipt í stuttar skýrslur en þegar hefur verið birtur hluti 1) reynsla landsmanna af afbrotum og hluti 2) um starf og viðhorf til lögreglu.

Þær upplýsingar sem þolendakönnunin veitir lögreglunni og borgurum eru mikilvægar og munu áætlanir lögregluembættanna m.a. taka mið af niðurstöðum hennar.

Fyrirvari

Mikilvægt er að hafa það í huga að tölur eins og þær sem er að finna í þessari skýrslu gefa aðra mynd en afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra yfir skráð brot. Í sameiningu gefa þessar tvær upplýsingaveitur fyllri mynd af þróun afbrota á Íslandi. Með árlegum þolendakönnunum gefst tækifæri til að meta þróun til lengri tíma. Þetta er sjöunda þolendakönnunin af þessari gerð sem framkvæmd er hér á landi og gefur hún m.a. ákveðna hugmynd um reynslu af afbrotum og tilkynningahlutfall. Allar tölur í niðurstöðukafla verður að skoða með það að leiðarljósi að frávík frá fyrri könnun kunni að vera innan skekkjumarka. Gögnum fyrir þessa könnun var eingöngu safnað í netkönnun eins og síðustu þremur könnunum en svörum í könnun sem lögð var fyrir árið 2011 var safnað í net- og símakönnun en fyrri kannanir byggðu á símakönnun eingöngu. Netkönnunin byggir á úrtaki úr viðhorfahópi Gallup sem er dreginn úr þjóðskrá. Þegar úrtak úr símakönnun var valið þá var það úrtak beint úr þjóðskrá (en ekki viðhorfahópi). Úrtak úr viðhorfahópi endurspeglar mögulega ekki þýði af sömu nákvæmni og símakönnun.

Gögn eru vigtuð eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Það er gert til að þau endurspegli sem best viðhorf landsmanna 18 ára og eldri. Vigtin sem er notuð er ekki nákvæmlega sambærileg vigtunum frá könnun árið 2014 og fyrr, m.a. því Hagstofan gaf út betra manntal sem varð til þess að fyrirtækið sem sá um öflun gagna og vigtun þeirra gat vigtað gögnin með meiri nákvæmni en áður. Prófað var að endurvigta gögn frá árunum 2011, 2013 og 2014 en munur á niðurstöðum var innan vikmarka (miðað við 95% vikmörk), og því ekki breytt í skýrslunni. Þá eru gögnin í ár greind eftir búsetu en fyrri ár var miðað við lögheimili.

Í skýrslunni eru sett fram árin sem rannsóknir voru gerðar, því aðeins í hluta spurninga er spurt um reynslu árið áður.

